



## ***Reglugerð um staðsetningu skilta í Sveitarféluginu Árborg.***

### **1.gr.**

#### **Skilgreiningar.**

Með orðunum auglýsing og skilti og öðrum samsvarandi orðum er í reglum þessum átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk, hreyfanleg eða föst, sem komið er fyrir til lengri eða skemmri tíma á einkalóðum, opinberum svæðum eða mannvirkjum, hvort sem er á spjöldum, borðum eða málúð á húsveggi eða með öðrum sambærilegum tilfærингum og ætlað til að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar, hvort sem er á viðkomandi stað eða annars staðar.

### **2.gr.**

#### **Umsóknir.**

Hver sá sem óskar leyfis til að koma fyrir skilti eða auglýsingu skal undirrita og skila inn til byggingarfulltrúa umsókn á þar tilgerðu umsóknareyðublaði.

#### **Hverri umsókn skal fylgja:**

- Málsett afstöðumynd, útlitsteikningar og sneiðingar í mælikvarðanum 1:100 eða 1:200 auk texta sem á skiltinu á að vera sem og aðrar upplýsingar sem taldar eru nauðsynlegar. Teikningar þessar skulu færðar inn á aðaluppdrátt lóðar.
- Ljósmynd sem sýnir hvar skilti skal komið fyrir.
- Greinagerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis sem og viðurkenningu Rafmagnseftirlits ríkisins þar sem það á við.(t.d veltiskilti, ljósaskilti o.s.frv)
- Nafn og heimilsfang og kennitala þess sem setur upp skiltið.
- Undirritað samþykki lóðarhafa ef hann er annar en umsækjandi sem og annarra lóðareigenda og/eða rekstraraðila ef fleiri eru en einn.

### **3.gr.**

#### **Leyfisveitingar**

Óheimilt er að setja upp hvers konar skilti og auglýsingar í Sveitarféluginu Árborg nema að fengnu leyfi byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar.

Byggingarfullrúi hefur fullt umboð skipulags-og byggingarnefndar til afgreiðslu slíkra leyfa en ber að leggja slík erindi sem og niðurstöður þeirra til kynningar fyrir nefndina. Vafaatriðum varðandi leyfisveitingar má vísa til byggingarnefndar. Umsækjandi um skilti getur einnig áfrýjað til nefndarinnar ef hann telur úrskurð byggingarfulltrúa ekki réttmætan.

Skilti sem byggingarfullrúi hefur gefið leyfi fyrir til auglýsingar á einstaka viðburðum skulu ekki vera stærri en  $0.75 \text{ m}^2$ . Tilgreina skal gerð skiltis, staðsetningu þess, festingar og það timabil sem skiltið mun standa. Við staðsetningu þess skal einkum tekið tillit til umferðaröryggis.

Byggingarfulltrúaembættið innheimtir leyfisgjald skilta. ( fellur undir byggingarleyfis- og fyrirspurnargjald byggingarfulltrúa).

### **Skilti undanþegin leyfisveitingu.**

Auglýsingaskilti á íþróttaleikvöllum eru undanþegin leyfisveitingu með þeim takmörkunum að þau snúi aðeins að áhorfendum og leikvanganum sjálfum og séu eigi hærri en 1.5 metri.

Bráðabirgðaskilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis og eru ekki stærri en  $0.75 \text{ m}^2$  og ekki fleiri en eitt á hverri eign.(lóð)

Bráðabirgðaskilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar, breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum séu þau staðsett á viðkomandi lóð og eigi stærri en  $3,0 \text{ m}^2$ . Á þessum skiltum skulu aðeins koma fram upplýsingar varðandi mannvirkið, þær framkvæmdir sem um er að ræða, upphafstíma og verklok framkvæmdana, og þá sem að þeim standa.

Lausaskilti (skilti sem ekki eru með varanlegum festingum við jörð eða mannvirki, t.d gormaskilti) sem að jafnaði standa aðeins á opnunartíma starfsstöðvar. Stærð þeirra skal ekki vera meiri en  $0.75 \text{ m}^2$  og standur þeirra hafa innan við  $0.5 \text{ m}$  radíus.

Staðsetja skal lausaskilti við starfsstöð þannig að umferð vegfaranda sé greið og hindrunarlaus. Þar sem skilti eru sett á gangstéttir og stíga skal minnsta óhindraða gönguleið ávallt vera  $1.5 \text{ m}$  breið. Bannað er að staðsetja lausaskilti á umferðareyjum eða við stofn- og tengibrautir eða staðsetja þau þannig að þau skerði umferðaröryggi

### **4.gr.**

#### **Eftirlit.**

Eftirlit með uppsetningu skilta og leyfum fyrir þeim er í umsjá byggingarfulltrúa í umboði byggingarnefndar.

### **5.gr.**

#### **Eldri skilti.**

Byggingarfulltrúi getur krafist að eldri skilti sem sett hafa verið upp án leyfis verði fjarlægð án fyrirvara, ef ætla má að þau hafi verulega truflandi áhrif á umferð eða skaði á annan hátt nærliggjandi umhverfi.

### **6.gr.**

#### **Refsiákvæði.**

Verði fyrirmælum byggingarfulltrúa ekki sinnt getur bygginganeftnd beitt ákvæðum 11.kafla byggingarreglugerðar nr 441/1998.

### **7.gr.**

#### **Gildistökuákvæði.**

Reglur þessar eru settar með heimild í skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 sbr. 37 gr. 6.mgr. og grein 6.2 byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Reglur þessar gilda innan lögsögu Sveitarfélagsins Árborgar, og öðlast reglurnar gildi við samþykkt bæjarstjórnar Árborgar.

*(Reglugerð samþykkt á fundi skipulags- og byggingarnefndar 11 mars 2003 og staðfest á fundi bæjarstjórnar 9 apríl 2003.)*